

28.

Borgarabréf handa Jóni Pálssyni
til að mega reka verzlun í Reykjavíkur-
kaupstað.
Dagsett 24. febrúar 1925

Lögreglustjórinn í Reykjavík


Kunngjörir: að mjer hefir tjáð Jón Pálsson bankagjaldkeri
59 ára að aldri, að hann hafi í hyggju að byrja verslun hjer í kaupstaðnum,
og hefir hann í því skyni beðið um borgarabrief.

Með því nú ofannefndur Jón Pálsson
Laufásveg 57 hefir greitt í bæjarsjóð fjárupphæð þá, er lögin áskilja í
þessu tilliti, þá er hann hjermeð, samkvæmt lögum 7. nóvbr. 1879, 2. gr., tekinn
til borgara og honum veitt heimild til að reka verslun í Reykjavíkurkaupstað,
með öllum þeim skyldum, sem staða sú er bundin að lögum, og öllum þeim rjett-
indum, sem stað þessum þegar eru eða hjer eftir kunna að verða veitt, og tjeður
Jón Pálsson má aðnjótandi verða.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsgli.

Skrifstofa lögreglustjóra í Reykjavík 24. febrúar 1925.

Hermann



Borgarabrief

handa hr. Jóni Pálssyni, Laufásveg 57.
til að mega reka verslun í Reykjavíkurkaupstað.